

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 6. tbl. 13. árg. ágúst 2019

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Í upphafi skólaárs

Nú í upphafi skólaárs sendum kemur fyrsta fréttabréfið þar sem farið er yfir nokkra punkta sem mikilvægt er að rifja upp á hverju ári. Má þar nefna skólareglurnar, eineltisáætlunina og ýmislegt fleira auk matseðils, tímasetninga á kynningarfundum og fleira.

Þegar þessi orð eru skrifuð eru 245 nemendur skráðir í skólann. Starfsmenn komu sprækir úr sumarfrí og reiðubúnir í spennandi og skemmtilegt skólastarf í vetur. Þrír nýir starfsmenn hófu störf við skólann í haust, þær Hera

Guðmundsdóttir sem verður stuðningsfulltrúi í 1. bekk, Sveinbjörg Zophoníasdóttir sem verður með stuðning á yngra stigi og viðburðarstjórnun í Kátakoti og Valentina Orec sem verður stuðningsfulltrúi á eldra stigi. Þá er Eva Rán Ragnarsdóttir að koma inn úr fæðingarorlofi en Valgerður Inga Reykjalín er á leiðinni í fæðingarorlof. Þær og aðrir starfsmenn ásamt nemendum eru boðin velkomnir til starfa.



Kynningarfundir og skólafærnisámskeið

Framundan eru árlegir kynningarfundir og skólafærnisámskeið fyrir foreldra en þeir verða haldnir í heimastofum hvers bekkjar.

2. september kl. 17:00	2. bekkur - kynningarfundur
2. september kl. 19:30	1. bekkur - skólafærnisámskeið
3. september kl. 19:30	7. bekkur – skólafærnisámskeið
4. september kl. 17:00	5. og 6. bekkur kynningarfundir
5. september kl. 17:00	3. og 4. bekkur kynningarfundir
10. september kl. 17:00	8. – 9. bekkur kynningarfundir
11. september kl. 17:00	10. bekkur kynningarfundir

Rík áhersla er lögð á að foreldrar mæti á þessa fundi. Á þeim er fjallað um ýmis mál sem snúa að skólastarfinu en einnig samskiptum foreldra innbyrðis og heimilis og skóla. Nánari dagskrá verður auglýst í hverjum bekk fyrir sig.

Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar

Í upphafi hvers skólaárs ber skólanum skylda til að kynna skólareglur fyrir foreldrum. Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, stundvísi, ástundun náms og heilbrigðar lífsvenjur. Þar skuli einnig koma fram hvernig brugðist sé við brotum á skólareglum. Hér á eftir kemur úrdráttur úr skólareglunum. Þær eru í fullri lengd bæði í starfsáætlun (handbók) og á heimasíðu skólans.

Almennar reglur

Almennar reglur snúast um dagleg samskipti og byggja á almennum siðareglum. Að temja sér að fara eftir þessum reglum er hluti af því að þroskast og fullorðnast og verða ábyrgur þegn í



lýðræðis-samfélagi. Því er eðlilegt að yngri börn þurfi meiri aðstoð við að temja sér þær en þau sem eldri eru. Almennum reglum er fylgt þegar:

- Við sinnum hlutverki okkar
- Við komum fram af kurteisi og sýnum tillitssemi
- Við berum ábyrgð á eigum okkar
- Við berum ábyrgð á gerðum okkar
- Við látum aðra í friði.

Öryggisreglur

Öryggisreglur snúast um að tryggja líkamlegt og andlegt öryggi allra í skólanum. Séu þær brotnar er undantekningarlaust gripið til viðurlaga í samræmi við aldur og þroska viðkomandi barns. Öryggisreglur eru brotnar þegar öryggi er ógnað með ögrandi framkomu t.a.m. með:

- andlegum eða líkamlegum meiðingum
- alvarlegum ögrunum eða hótunum
- notkun á tóbaki, áfengi eða öðrum vímuefnum
- vopnum eða ígildi þeirra
- þjófnaði
- skemmdarverkum
- áhættuhegðun.

Ef nemandi brýtur skólareglurnar er unnið eftir ákveðnu ferli sem nánar er útlístað í starfsáætlun (handbók) skólans sem og á heimasíðu hans.

Punktakerfi

Notast er við punktakerfi í 7. – 10. bekk skólans til auðvelda kennurum, nemendum og foreldrum að halda utan um mætingar og ástundun hjá nemendum. Skólasókn þeirra birtist á vitnisburðarblaði. Haldið er utan um punktakerfið á www.mentor.is. Þar merkja kennarar við mætingar, skil á heimavinnu og fleiri þætti og geta foreldra og nemendur ásamt kennurum fylgst með stöðu mála. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um punktakerfið á heimasíðu skólans og í starfsáætlun.

Skólasóknarkerfi – Við minnum sérstaklega á skólasóknarkerfi sem tekið var upp síðasta vetur til að halda betur utan um mætingar nemenda. Frekari upplýsingar um það er að

finna á heimasíðu skólans <http://gs.hornafjordur.is/foreldrar/skolasoknarkerfi/> en það felst í meiri eftirfylgni með fjarvistum nemenda hvort sem það er vegna veikinda eða leyfa. Miklar fjarvistir geta haft alvarleg áhrif á nemendur bæði námslega og félagslega. Því senda ritarar foreldrum einu sinni í mánuði yfirlit yfir mætingu nemanda og í framhaldinu eru umsjónarkennarar í sambandi í við foreldra ef fjarvistir gætu farið að vera áhyggjuefni.

Uppeldi til ábyrgðar

Skólareglur Grunnskóla Hornafjarðar litast af áherslum í *uppeldi til ábyrgðar* en það er sú uppeldis- og samskiptastefna sem lögð er til grundvallar í skólastarfinu. *Uppeldi til ábyrgðar* byggir meðal annars á þeirri grundvallarhugsun að orsök vanlíðunar og slæmrar hegðunar eigi sér stað vegna þess að einstaklingurinn nái ekki að uppfylla grunnþarfir sínar á jákvæðan hátt. Aðferðir *uppeldis til ábyrgðar* byggja á því að einstaklingar læri að þekkja þessar grunnþarfir sínar og finni leið til að uppfylla þær á jákvæðan hátt í sátt við aðra í umhverfi sínu um leið og þeir taki ábyrgð á eigin hegðun.



Kjörorð skólans vísa síðan til hverrar þarfar fyrir sig og þannig tengjast kjörorð skólans og uppeldisstefnan órjúfanlegum böndum.

Vinna gegn einelti

Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á að vinna gegn einelti í skólanum og mun sú vinna vissulega halda áfram í vetur því eitt eineltismál er einu máli of mikið. Foreldrar og forráðamenn en líka nemendur eru beðnir um að gera viðvart ef þeir telja að barn verði fyrir áreiti eða einelti því það er betra að fá of margar ábendingar en of fáar. Einelti byrjar oft sem samskiptavandi og það er best að vinna gegn eineltinu ef hægt er að grípa inn í strax á þeim tímapunkti. En það er samt aldrei of seint að vinna með samskiptavanda eða einelti því hann er fyrst og fremst manna verk og þeim er hægt að breyta.

Á þessari vefslóð <http://gs.hornafjordur.is/nemendur/eineltisaaetlun/> má nálgast eineltisáætlun skólans og þar sést hvernig unnið er með eineltismál sem upp koma.

Göngum í skólann – og verum umhverfisvæn í leiðinni

Eins og ávallt áður er Grunnskóli Hornafjarðar þátttakandi í átakinu Göngum í skólann sem hefst 4. september og stendur til 2. október. Markmið verkefnisins er að hvetja börn til að tileinka sér **virkan ferðamáta** í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni. *Ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi er að velja virkan ferðamáta, svo sem göngu, hjóltreiddar, hlaup, línuskauta, hjólabretti eða annað. Ávinningurinn er ekki aðeins bundinn við andlega og líkamlega vellíðan heldur er þetta einnig umhverfisvæn og hagkvæm leið til að komast á milli staða.*

Matseðill í ágúst og september

- 26. ágúst Steiktur fiskur, kartöflur, brætt smjör
- 27. ágúst Lambagúllas, kartöflumús, grænar baunir
- 28. ágúst Fiskibollur, soðnar kartöflur, laukfeiti
- 29. ágúst Hamborgari, franskar kartölur og meðlæti
- 30. ágúst Hrísgjónagrautur, brauð m/osti

- 02. sept. Soðinn þorskur, kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð
- 03. sept. Lasagne, hvítlauksbrauð
- 04. sept. Fiskistangir, kartöflur, köld sósa
- 05. sept. Hamborgari í pítubrauði m/pítusósa
- 06. sept. Íslensk kjötsúpa

- 09. sept. Rauðspretta í raspi, soðnar kartöflur
- 10. sept. Steiktar kjötbollur, soðnar kartöflur, brún sósa
- 11. sept. Fiskibuff, soðnar kartöflur, karrysósa
- 12. sept. Lambaframpartur, kartöflur, hrísgjón, brún sósa
- 13. sept. **Haustþing / frí**

- 16. sept. Soðinn þorskur, kartöflur, brætt smjör, rúgbrauð
- 17. sept. Vínarsnitsel, soðnar kartöflur, soðið grænmeti
- 18. sept. Ofnbakaður fiskur í raspi, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 19. sept. Pizza m/pepperoni, skinku, margarita, franskar kartöflur
- 20. sept. Okkar skyr, brauð m/kindakæfu

- 23. sept. Steiktur fiskur, soðnar kartöflur, brætt smjör
- 24. sept. Soðnar kjötfarsbollur, kartöflur, soðið hvítkál
- 25. sept. Fiskibollur, soðnar kartöflur, laukfeiti
- 26. sept. Lambaframpartur, soðnar kartöflur, grænar baunir, brún sósa
- 27. sept. Hrísgjónagrautur, brauð m/osti/kjúklingaáleggi



Af gefnu tilefni er foreldrum bent á að hafa samband við skólann ef þeir hafa einhverjar áhyggjur af því að hlutirnir séu ekki í lagi. Saman gerum við skólann og samfélagið okkar að besta samfélagi á landinu.

**Það er gott og gaman að hjóla í skólann... þegar hjálmurinn er á kollinum!
Hjálmanotkun er lögbundin að 15 ára aldri.
Fullorðnir, verum góðar fyrirmyndir og notum líka hjálm.**